

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Stéttarfélags lögfræðinga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stéttarfélags lögfræðinga þann 30. nóvember kl. 10:15 og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Á fundinum voru:

Fyrir hönd félagsins: Júlíana Guðmundsdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Ellisif Tinna Víðisdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Fagreynsla starfsmanns

Starfsmaður hóf störf í lögfræðideild sveitarfélags þann 5. janúar 2022. Starfsmaður hefur staðbundið starfsheiti Lögmaður og jafnréttisráðgjafi og starfsheiti samkvæmt kjarasamningi er Lögfræðingur 2 – BHM 84.

Við upphaf starfs lagði starfsmaðurinn fram starfsvottorð frá Reykjavíkurborg, dags. 12. janúar 2022, þar sem fram komu upplýsingar um starfsreynslu hjá borginni. Fagreynsla var metin eitt ár og átta mánuði í starfi lögfræðings. Líkt og fram kemur í gr. 10.2.2 í kjarasamningi fær starfsfólk 2% persónuálag eftir eins árs fagreynslu í starfsgrein sinni en 4% eftir þriggja ára fagreynslu. Við upphaf starfsins fékk starfsmaðurinn þannig 2% persónuálag ofan á grunnlaunaflokk.

Í janúar 2023, ári eftir að viðkomandi hóf störf, lagði starfsmaðurinn fram frekari starfsvottorð til launadeildar og óskaði eftir að fá starfsreynslu samkvæmt þeim metna. Fagreynsla samkvæmt þeim var metin hjá launadeild til 4% persónuálags til viðbótar og fékk starfsmaður hækkun á persónuálagi úr 2% í 6%. Hækkunin tók gildi í febrúar 2023 og var ekki leiðrétt aftur í tímann.

Með erindi, dags. 10. maí 2023, óskaði Stéttarfélag lögfræðinga, f.h. starfsmannsins, eftir afturvirkri launaleiðréttingu þannig að starfsmaður fengi greitt 6% persónuálag vegna rúmlega sex ára starfsreynslu frá janúar 2022, frá því að viðkomandi hóf störf, til og með janúar 2023, þegar lögð voru fram gögn um starfsreynslu. Þann 21. september 2023 var beiðni starfsmannsins hafnað með eftirfarandi rökum sveitarfélags:

Sveitarfélagið hefur ávallt viðhaft það verklag að miða hækkun persónuálags vegna fagreynslu við framlagningu gagna. Allt starfsfólk sem leggur fram gögn um starfsreynslu eða fagreynslu fær hækkun miðað við þann tíma sem gögn eru lögð fram. Starfsfólk sveitarfélagsins hefur þannig fengið samskonar meðferð og jafnræðis verið gætt við ákvörðun persónuálags.

Að mati sveitarfélags er ekki unnt að fallast á að meðhöndla þetta mál með öðrum hætti og því var beiðni um greiðslu persónuálags aftur í tímann hafnað.

Samkvæmt upplýsingum frá Stéttarfélagi lögfræðinga var starfsmaður ráðinn á þeim forsendum að hann hafði 6 ára fagreynslu.

Yfirmaður starfsmanns staðfesti í tölvupósti til starfsmanns að horft hafi verið sérstaklega til fyrri reynslu við ráðningu til sveitarfélagsins og að aflað hafi verið umsagna frá fyrri vinnuveitendum.

Niðurstaða:

Í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Stéttarfélag lögfræðinga, fær starfsfólk fagreynslu sína hjá öðrum vinnuveitanda metna frá og með næstu mánaðarmótum eftir að starfsmaður hefur lagt fram staðfest gögn um starfstímann.

Í umræddu tilviki er talið að skort hafi leiðbeiningar frá yfirmanni samkvæmt 7. gr. stjórnarsýslulaga þar sem segir:

„Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.“

Yfirmaður starfsmannsins hefur staðfest að vinnuveitendavottorð lágu ekki fyrir við ráðningu né óskað var eftir því að fá það sent.

Fram kemur í tölvupósti yfirmanns til starfsmanns að sérstaklega hafi verið aflað umsagna frá fyrri vinnuveitendum.

Starfsmaður gat því ekki annað en verið í góðri trú um að fyrri fagreynsla væri metin í starfi.

Það er því mat samstarfsnefndar að sveitarfélaginu beri að greiða starfsmanni persónuálag fyrir fagreynslu frá því að viðkomandi hóf störf hjá sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 10:45